

Sp.

81. Fyrirspurnir.

[47. mál]

I. Til iðnaðarmálaráðherra um aukið rekstrarfé fyrir iðnaðinn.

Frá Jónasi G. Rafnar.

Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til þess, að iðnaðurinn fái aukið rekstrarfé í samræmi við ályktun Alþingis 3. júní 1958, um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

II. Til fjármálaráðherra um framkvæmd skattfríðinda á yfirvinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Hvers vegna hefur ekki verið gefin út reglugerð varðandi skattfríðindaákvæði 2. gr. laga um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, er Alþingi samþykkti 12. maí 1959?
2. Hefur fjármálaráðuneytið gefið samþykki sitt til þess, að atvinnurekendur skuli undanþegnir þeirri lagaskyldu að láta skattyfirvöldum í té vinnuskýrslur, er sundurliði vinnu þannig, að séð verði, hver hluti vinnulaunanna falli undir nefnd lagaákvæði?